

**3506. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 25. ágúst 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Sigrún Ágústa Helgudóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigrún Ágústa Helgudóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **2203031 - Fundargerðir 2022 - Stýrihópur um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu**  
5. fundargerð stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
  
2. **2202110 - Niðurrif eigna í eigu Akraneskaupstaðar.**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fjárfestingaráætlun 2022, verði uppfærð m.t.t. þess að hús við Suðurgötu 108, Suðurgötu 124, Dalbraut 8 og Dalbraut 10 verði rifinn.  
Útboðsgögn og kostnaðaráætlun frá Mannviti liggja fyrir og mun Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri kynna þau.  
*Bæjarráð samþykkir niðurrif mannvirkja á Suðurgötu 108, 124, Dalbraut 8 og Dalbraut 10 og að fjárfestingaráætlun verði breytt til samræmis við fjárhagsleg áhrif þessa.*  
  
*Samþykkt 2:0, RBS situr hjá við afgreiðslu málsins.*  
  
*Ásbjörn Egilsson vísar af fundi.*
  
3. **2208038 - Ræstitækni ehf. - Þjónustusamningur**  
Á 186. fundi velferðar- og mannréttindaráð var tekið fyrir málið Ræstitækni ehf. - þjónustusamningur.  
Akraneskaupstaður hefur verið með þjónustusamning við Ræstitækni ehf. síðast liðin ár. Samningurinn felur í sér að starfsmenn Ræstitækni ehf. sinna þeim hluta stuðnings- og stoðþjónustu sem snýr að heimilisþrifum á heimilum einstaklinga sem ekki geta séð hjálparlaust um þau. Ákvæði samnings eru nú til endurskoðunar að beiðni beggja aðila.  
Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti fyrirbyggjandi drög að breytingum á þjónustusamningi við Ræstitækni ehf. Í drögunum kom ekki fram hækkun á tímagjaldi. Ræstitækni ehf. óskaði eftir því að loknum fundi ráðsins að eftirfarandi setning yrði sett í þjónustusamninginn: "Verð þjónustunnar breytist að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs frá undirritun samnings þessa."

Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum til afgreiðslu hjá bæjarráði.

*Drög lögð fram.*

*Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Ræstitækni ehf. Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2206029 - Garðasel - útibú**

Uppfært reiknilíkan fyrir leikskólann Garðasel.

*Minnisblað vegna fjölgunar barna á leikskólanum Garðaseli starfsárið 2022-2023 lagt fram.*

*Bæjarráð samþykkir að reiknilíkan stöðugilda fyrir leikskólan Garðasel verði uppfært til samræmis við fjölgun barna á leikskólanum, skólaárið 2022-2023.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 14 við fjárhagsáætlun 2022, samtals að fjárhæð kr. 29.341.000, sem færður verður á deild 04140-1691 og mætt með lækkun á handbæru fé. Gera verður ráð fyrir þessari aukningu í fjárhagsáætlun ársins 2023.*

*Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar staðfestingar.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2208118 - Upplýsingamiðstöð ferðamanna - lengri opnunartími**

Breyting á opnunartíma upplýsingamiðstöðvar ferðamanna / Akranesvita.

*Bæjarráð samþykkir breytingu á opnunartíma, sem felst í því að upplýsingamiðstöð ferðamanna við Akranesvita verður opin virka daga í sex klukkustundir á dag í stað tveggja. Opnunartími gildir frá 1. september til og með 30. apríl næstkomandi.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 2208121 - Jaðarsbakkar - skipulag íþróttasvæðis**

Minnisblað frá stjórnnum Íþróttabandalags Akraness og Knattspyrnufélagi ÍA.

*Líf Lárusdóttir vikur af fundi undir þessum lið sem og undir dagskrárlið nr. 7.*

*Bæjarráð þakkar fyrir framkomið minnisblað um skipulagsmál á Jaðarsbökkum frá stjórnnum ÍA og KFÍA.*

*Bæjarráð áréttar mikilvægi þess að horft sé til heildarskipulags svæðisins og framtíðaruppbyggingar þegar kemur að íþróttamannvirkjum.*

*Málinu er vísað til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði.*

*Samþykkt 2:0*



**7. 2208122 - Grasvöllur ÍA á Jaðarsbökkum - vökvunarkerfi**

Skýrsla um grasvallasvæði ÍA.

Verðtilboð Flux í vökvunarkerfi fyrir knattspyrnuvöllinn á Akranesi.  
*Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði.*

*Samþykkt 2:0*

*Líf Lárusdóttir tekur sæti á fundinum á ný.*

**8. 2208125 - Skóladansleikur FVA á Gamla Kaupfélaginu - tækifærisleyfi**

Beiðni frá Sýslumanninum á Vesturlandi um umsögn vegna umsóknar Fjölbrotaskóla Vesturlands um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik FVA á Gamla Kaupfélaginu 8. september n.k.

*Líf Lárusdóttir tekur sæti á fundinum að nýju.*

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið tækifærisleyfi verði veitt af hálfu sýslumanns.*

*Samþykkt 3:0*

**9. 2208130 - Tónlistarskólinn - stytting vinnuvikunnar**

Tillaga skólastjóra Tónlistarskólans vegna styttingar vinnuviku kennara sbr. nýjan kjarasamning.

*Jónína Arnardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Akraness situr fundinn undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir tillögu skólastjórans um útfærslu styttingu vinnuvikunnar.*

*Samþykkt 3:0*

*Jónína Arnardóttir vísar af fundi.*

**10. 2206178 - Málakerfi Akraneskaupstaðar 2022**

Tillaga um kaup á málakerfi í stofnanir Akraneskaupstaðar.

*Valdís Eyjólfsdóttir sat undir þessum dagskrárlíð.*

*Bæjarráð samþykkir að veita fjármagni á árinu 2022 að fjárhæð kr. 2.350.000, sem færir á deild 21670-4980, vegna innleiðingar á nýju málakerfi, og að vísa ákvörðun um fjárveitingu vegna frekari innleiðingu, að fjárhæð kr. 6.150.000, til fjárhagsáætlunargerðar 2023. Jafnframt samþykkir bæjarráð að veita fjármagni á árinu 2022 vegna rekstrarkostnaðar við 15 notendaleyfi í Workpoint í þrjá mánuði að fjárhæð kr. 300.000, sem færir á deild 21670-4992, og að vísa ákvörðun um frekari fjárveitingu að fjárhæð kr. 5.300.000, vegna rekstrarkostnaðar Workpoint kerfisins árið 2023, til fjárhagsáætlunargerðar 2023, en um er að ræða leyfiskostnað vegna alls 94 notenda.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 15 að fjárhæð kr. 2.650.000 sem færir samkvæmt framangreindu og er mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.*

*Bæjarráð vísar viðaukanum til endanlegrar ákvörðunar hjá bæjarstjórn Akraness.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð samþykkir að hefja þegar undirbúning að við ráðningu skjalastjóra Akraneskaupstaðar og stefnt verði að því að ráða inn aðila sem fyrst. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauka vegna ársins 2022 sé mætt innan gildandi áætlunar en gera verður ráð fyrir útgjöldum vegna þessum launakostnaði við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2023.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð samþykkir að skjalastjóri verði ekki persónuverndarfulltrúi líkt og kemur fram í skipuriti heldur taki fremur að sér gæðamál samhliða skjalamálunum. Starfstíll yrði skjalastjóri en starfslýsing myndi m.a. fela í sér umsjón með gæðamálum.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð þakkar Valdísi fyrir góða kynningu.*

*Valdís vikur af fundi.*

**11. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

*Grunnforsendur vegna tekju- og gjalda fjárhagsáætlunar 2023.*

*Kristjana Ólafsdóttir situr undir þessum dagskrárlíð.*

*Bæjarráð samþykkir grunnforsendur vegna fjárhagsáætlunargerðar ársins 2023.*

*Samþykkt 3:0*

*Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála vikur af fundi.*

**12. 2208141 - Flóahverfi - úthlutun lóða**

*Samningsdrög vegna úthlutunar atvinnulóða í Flóahverfi.*

*Sævar Freyr Bráinsson, kynnti samningsdrög vegna úthlutunar lóða til stærri aðila sem áhuga hafa að koma með starfsemi sína í Flóahverfi.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

**13. 2208142 - Reglur um úthlutun og afturköllun lóða**

*Afturköllun lóða skv. reglum Akraneskaupstaðar.*

*Karl J. Haagensen sat undir þessum dagskrárlíð.*

Bæjarráð samþykkir að lóðarhafar sbr. lista frá byggingarfulltrúa, fái lokafrest til að skila nauðsynlegum gögnum vegna útgáfu byggingarleyfis, til kl. 16:00, þriðjudaginn 6. september næstkomandi.

Málið verður á dagskrá bæjarráðs þann 8. september nk. og gert ráð fyrir að bæjarráð taki ákvörðun um afturköllun og endurúthlutun á þeim fundi vegna þeirra lóða (lóðarhafa) sem ekki hafa virt umræddan frest, til samræmis við ákvæði gatnagerðargjaldskrár Akraneskaupstaðar nr. 666/2022 og reglur Akraneskaupstaðar um úthlutun lóða frá 18. nóvember 2021.

Samþykkt 3:0

Karl J. Haagensen vék fundi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.**

Valgerður Þ. Ásgerð  
Ragnar Sæmundsson  
Sæm Frey Trínsson